



Reglur um auglýsingar í íþróttamannvirkjum Kópavogsbæjar

1. gr. Auglýsingar.

Í fjáröflunarskyni er íþróttafélögum og einstökum deildum þeirra heimilt að setja upp auglýsingar í íþróttamannvirkjum Kópavogsbæjar í samræmi við neðangreindar reglur. Auglýsingar á íþróttamannvirkjum skulu vera samkvæmt reglugerð ÍSÍ um auglýsingar.

Virða ber almenn landslög sem kveða á um efni auglýsinga eða bann við þeim sbr. lög um tobaksvarnir nr. 6/2002.

Bannað er að setja upp auglýsingar sem varða stjórnsmál, trúsmál eða sem brjóta í bága við jafnrétti kynjanna eða almennt velsæmi.

2. gr. Auglýsingar í íþróttahúsum og knattspyrnuhöllum.

- a) Íþróttafélög sem eru með rekstrarsamning við Kópavogsbæ um rekstur viðkomandi íþróttamannvirkis er heimilt að setja upp auglýsingar á vegg í íþróttahúsum/knattspyrnuhöllum í samræmi við 1. gr.
- b) Í þeim húsum sem eru í rekstri Kópavogsbæjar, en meistaraflokkslið íþróttafélags er með skráðan heimavöll í Íslandsmótum er félagi/deild heimilt að setja upp auglýsingar í samræmi við 1. gr. Slíkt skal þó ávallt gert í samráði við deildarstjóra íþróttadeildar og fulltrúa frá eignadeild Kópavogsbæjar.
- c) Ekki er heimilt að þekja glugga með auglýsingum.

3. gr. Auglýsingar á íþróttaleikvöngum.

Íþróttafélögum er heimilt er að setja upp auglýsingar á þeim völlum sem eru heimavöllir meistaraflokksliða íþróttafélaganna. Aðeins er heimilt að setja upp auglýsingaskilti sem vísa inn á völinn.

Ekki er leyfilegt að setja upp auglýsingar á grasæfingasvæðum félaga eða gervigrasæfingavöllum nema í tengslum við einstaka viðburði.

Ekki er heimilt að setja upp auglýsingar eða auglýsingaborða á girðingar sem loka af vallarsvæði.

4. gr. Auglýsingar í sundlaugum.

Almennt er ekki heimilt að setja upp auglýsingar í sundlaugarmannvirkjum Kópavogsbæjar. Undantekning er þó gerð með 25 metra innilaug í Kópavogslaug, þar sem um keppnislaug sunddeildar íþróttafélags er að ræða gildir sama regla og í b lið 2. greinar.



5. gr. Auglýsingar utanhúss á íþróttamannvirki.

Ekki er heimilt að setja auglýsingar utan á íþróttamannvirki í eigu Kópavogsbæjar að öðru leiti en því sem fjallað er um í 3. og 6. grein þessara reglna. Þeim fyrirtækjum sem starfa í íþróttamannvirkjum Kópavogsbæjar er þó heimilt að setja upp vörumerki sitt (logo) í samræmi við samþykkt um merkingar á íþróttamannvirkjum í Kópavogsbæ.

6. gr. Nafngift á íþróttamannvirkjum í auglýsingaskyni.

Heimilt er að breyta nafngift íþróttamannvirkis tímabundið í auglýsingaskyni ef íþróttafélag sem eftir því óskar er með rekstrarsamning við Kópavogsbæ um rekstur viðkomandi íþróttamannvirkis. Heimildin fyrir nafngiftinni/auglýsingunni hverju sinni er háð samþykki íþróttadeildar Kópavogsbæjar og eftir atvikum íþróttaráðs og skal samningur um slíkt gilda minnst til 5 ára. Skilti utan á íþróttamannvirki vegna nafngiftarinnar lýtur að öðru leyti samþykkt um merkingar á íþróttamannvirkjum í Kópavogsbæ og skal gert í fullu samráði við deildarstjóra íþróttadeildar og fulltrúa frá eignadeild bæjarins. Félag/fyrirtæki skal skila mannvirkinu í sama ásigkomulagi og tekið var við því. Verði einhverjar skemmdir á mannvirki við uppsetningu / niðurtekt nafngiftar/auglýsingar skal það lagað á kostnað félags/fyrirtækis.

7. gr. Vanefndarúrræði.

Ef þessum reglum er ekki fylgt, skal deildarstjóri íþróttadeildar veita viku frest til úrbóta. Krafan skal vera skriflega og móttækin af formanni viðkomandi félags. Verði ekki orðið við útbótum eftir ábendingar þess efnis innan tilskilins frests áskilur Kópavogsbær sér rétt til að fjarlægja auglýsingar sem eru settar upp án heimilda á kostnað hlutaðeigandi aðila.

Kópavogur 4. September 2023